

Mál nr. 322/2014
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur Hamraborg í Kópavogi 1. október 2014.

Gögn.

1. Málskot móttækið 17. október 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 10. nóvember 2014.
3. Tölvupóstur V2 dags. 14. nóvember 2014.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B með þeim hætti að bifreið A var ekið aftur á bak úr bifreiðastæði og út á götuna Hamraborg á meðan bifreið B var ekið frá bifreiðaplani hinu megin Hamraborgar inn á hana í beinni akstursstefnu. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið að aka aftur á bak rétt áður en árekstur varð en um það bil að fara að aka beint áfram þegar árekstur varð. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa verið að fylgjast með umferð frá hægri um Hamraborg og ekið inn á götuna af bifreiðaplani þegar hann taldi það hægt vegna umferðar þaðan en þá hafi ökumaður bifreiðar A verið að aka aftur á bak.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum fyrir að aka beint af bifreiðaplani áfram á bifreið A. M telur að það hafi ekki verið nokkur möguleiki fyrir sig að sjá bifreið B sem og að þeirri bifreið hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður. Einnig vísar M til úrskurðar nefndarinnar í máli sem hann telur sambærilegt.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur að ökumaður B eigi að bera alla sök þar sem hann gætti ekki nægrar varúðar við akstur af bifreiðaplani inn á götu, sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

V2 hefur ekki sérstakar athugasemdir vegna málskots.

Álit.

Í málinu liggja fyrir ljósmyndir af vettvangi sem sýna stöðu bifreiðanna þegar árekstur varð. Verður að meta þær með hliðsjón af framburðum ökumanna. Ökumanni bifreiðar A bar að gæta að umferð um götuna þegar hann ók aftur á bak, sbr. fyrirmæli 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga en ökumanni bifreiðar B bar að veita umferð um götuna forgang þegar hann ók út af bifreiðaplani, sbr. fyrirmæli 2. mgr. 25. gr. sömu laga. Báðir ökumenn segjast hafa gætt að umferð um götuna áður en þeir óku af stað án þess að sjá hinn. Verður með hliðsjón af staðsetningu bifreiðar A við áreksturinn ekki talið ljóst að ökumaður hennar hafi stöðvað það löngu áður að máli skipti við sakarskiptingu. Í ljósi þess verður heldur ekki lögð frekari sönnunarbyrði á ökumann bifreiðar B um málsatvik og er mál það sem M vísar til ekki með öllu sambærilegt við þetta mál. Af öllu þessu virtu telst hvorugur ökumanna hafa gætt nægrar varúðar og verður að skipta sök til helminga.

Niðurstaða:

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík 2. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.